

Sorpstöð Suðurlands

32. aðalfundur

haldinn á Hótel Heklu, Skeiða- og Gnúpverjahreppi,
24. október 2013.

1. **Gunnar Egilsson** formaður stjórnar setti fundinn og bauð menn velkomna. Tilnefndi starfsmenn fundarins; Kristófer Tómasson og Auðun Guðjónsson fundarstjóra og Höllu Guðmundsdóttur og Kristjönu Gestsdóttur fundarritara. Ekki gerðar athugasemdir við það.
2. **Starfandi kjörbréfanefnd** kvað 9 kjörbréf liggja fyrir; allir mættir. Fundurinn er lögmætur. Ekki gerðar athugasemdir.
3. **Skýrsla framkvæmdastjóra:** Guðmundur Tryggvi Ólafsson framkvæmdastjóri fylgdi henni úr hlaði.
Leitað er að nýjum urðunarstað, því Kirkjuferjuháleiga er ekki lengur í boði. Sorpstöð Suðurlands stefnir að betri flokkun, nýtingu og söfnun á endurvinnanlegu sorpi og að styðja við verkefni sem draga úr úrgangsmyndun. Formlegur samstarfsvettvangur hefur verið stofnaður milli Sorpu, Sorpurðun Vesturlands, Sorpeyðingarstöð Suðurnesja ásamt Sorpstöð Suðurlands. Samráðsnefnd sorpsamlaganna á Suðvesturlandi hefur samið drög að reglum um meðferð og förgun sláturúrgangs sem ekki er nýtanlegur á annan hátt. Sorpstöð Suðurlands á um þriðjungs hlut í Orkugerðinni ehf. á móti sláturleyfishöfum. Nú þegar möguleikar til urðunar á sláturúrgangi eru frekar takmarkaðir, er mikilvægt að tryggur farvegur sé fyrir sláturúrgang. Stór ógn við rekstur verksmiðjunnar er það hverfula laga- og reglugerðaumhverfi sem þessi starfsemi býr við.
Mikið hefur áunnist í flokkun sorps frá almenningi, sífellt fleiri sveitarfélög taka þátt. Samningur SOS og Sorpu rennur út um áramót. Algerlega er nauðsynlegt að hafa þá tryggðan traustan farveg fyrir þessi málefni. Þrátt fyrir góðan árangur í flokkun, eykst almenn neysla.
Mörg fleiri atriði eru tekin til umfjöllunar í skýrslunni.
Skýrslan í heild sinni liggur frammi í fundargögnum.
Almennar umræður urðu um skýrsluna og svaraði Guðmundur Tryggvi fyrirspurnum. Menn voru almennt þeirrar skoðunar að halda áfram undirbúningi að sameiningu við Sorpu.
Til máls tóku Margrét Sigurðardóttir Hörður Óli Guðmundsson, Sveinn Steinarsson, Eyþór Arnalds og Gunnar Þorgeirsson.
4. **Ársreikningar 2012** lagðir fram. Ekki urðu umræður um þá og þeir **samþykktir samhljóða**. *Liggja fyrir í fundargögnum.*

5. **Fjárhagsáætlun 2014** kynnt. Tillagan **samþykkt samhljóða**. *Liggur fyrir í fundargögnum*
6. **Tillaga að gjaldskrá:** Á allan úrgang til urðunar: 0,76 kr. kg. án vsk. 0,95 kr. m.vsk. **Samþykkt samhljóða.**
7. **Kosningar:** Kjósa ber 5 aðalmenn og 5 til vara í stjórn Sorpstöðvar Suðurlands. Gert var örstutt fundarhlé.

Kjörnefnd lagði síðan fram eftirfarandi tillögu:

Stjórn:

Gunnar Egilsson formaður

Guðfinna Þorvaldsdóttir

Ari Thorarensen

Aldís Hafsteinsdóttir

Aðalsteinn Sveinsson.

Til vara:

Sveinn Steinarsson

Drífa Hjartardóttir

Eyþór H. Ólafsson

Sandra Dís Hafþórsdóttir

Margrét Sigurðardóttir

Skoðunarmenn:

Guðmundur Þór Guðjónsson

Drífa Kristjánsdóttir.

Til vara:

Egill Sigurðsson

Sandra Dís Hafþórsdóttir.

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki formlega rætt.

Gunnar Egilsson formaður þakkaði Guðmundi Tryggva vel unnin störf, en hann hættir störfum um áramót. Einnig þakkaði hann starfsmönnum og fundargestum góðan fund. Sagði síðan fundi slitið.

Halla Guðmundsdóttir
Kristjana Gestsdóttir
skeidgnup@skeidgnup.is